

REGLUGERÐ

um eyðingu svartbaks með fenemali.

1. gr.

Umráðendum friðlýsts æðarvarps skal heimilt að nota fenemal (phenemalum) til eyðingar svartbaki í varplöndum á tímabilinu frá 15. maí til 1. júlí árið 1971.

2. gr.

Fenemal skal látið í egg um gat, sem gera skal á hlið þess. Í hvert egg skal láta einn skammt af efniinu, og skal því hrært saman við innihald eggisins, t. d. með fjöðurstaf.

Mönnum ber að forðast að láta efnið koma við sig, en fari svo, skulu þeir þvo sér vandlega á eftir.

Stranglega er bannað að setja fenemal í annað en egg.

3. gr.

Egg, sem fenemal hefur verið sett í, skulu lögð í varplönd, þar sem svartbaks er helzt von, og snúi rofna hliðin upp. Svartbak eða aðra fugla (hraf, kjóa), sem kunna að drepast af áti slíkra eggja, skal grafa tafarlaust, þar sem þeir finnast, og varast ber að snerta þá berum höndum.

Stranglega er bannað að leggja egg, sem fenemal hefur verið sett í, utan varplanda, t. d. í fjörur eða kringum fiskvinnslustöðvar, sorphauga og sláturhús.

4. gr.

Staðir þeir, þar sem eggjum, sem fenemal hefur verið sett í, er komið fyrir, skulu vel auðkenndir, svo að þeim, er um þá kunna að, eiga leið, verði augljóst, að þar er von slíkra eggja, svo og fugla, sem drepist hafa af áti þeirra. Sérstaklega skal þess gætt, að fólki, sem hirðir æðarvarp, sé kunnugt, hvar slíkum eggjum hefur verið komið fyrir.

5. gr.

Útlát fenemals til eyðingar svartbaki (sbr. 1. gr.) annast Lyfjaverzlun ríkisins gegn skriflegri beiðni umráðamanns æðarvarps, og skal beiðninni fylgja vottorð frá hlutaðeigandi sýslumanni um, að leyfisbeiðandi sé eigandi eða umráðamaður friðlýsts æðarvarps.

Mönnum ber að gæta sérstakrar varúðar um meðferð fenemalsins, því að það er hættulegt mönnum og dýrum.

Fenemal skal afgreitt í skömmtum, 2 g í hverjum skammti. Hver eigandi eða umráðamaður æðarvarps skal eiga þess kost að fá allt að 100 skammta af femali á ári hverju.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 2500—25 000.00 krónum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 33/1966. Öðlast hún þegar gildi og gildir til 1. júlí 1972 og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 11. maí 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.